

Stykkishólmi, 5. desember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Náttúrustofu Vesturlands um tillögu til þingsályktunar um
öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta (Þskj. ~~#~~
35. N. mál)**


Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Undirritaður fagnar því að Alþingi veki máls á þörfinni fyrir átaki í gagnaöflun um náttúru landsins. Greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni skýrir ágætlega þörfina fyrir mun viðameiri og áreiðanlegri gögnum um náttúru landsins. Þeir sem koma að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda verða áþreifyfanlega varir við þennan gagnaskort, því í flestum tilfellum reynist nauðsynlegt að afla nær allra frumgagna vegna slíkra framkvæmda. Þetta veldur því að oft kemur ekki í ljós fyrir en framkvæmdaaðili hefur lagt í mikinn kostnað að viðkomandi svæði inniheldur einhverjar náttúruminjar sem valda því að ekki sé réttlætjanlegt að ráðast í viðkomandi framkvæmd. Hafi grunnupplýsingar um landið hins vegar verið skráðar eru mun minni líkur að svona gerist. Að mati undirritaðs er ekki eðlilegt að framkvæmdaaðilar beri kostnað af öflun grunnagna um náttúru landsins.

Grunngögn um náttúru landsins, líkt og lagt er til í tillögunni að aflað verði, eru grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar. Jafnvel þótt öflun þeirra fylgi óhjákvæmilega nokkur kostnaður, fullyrðir undirritaður að sá kostnaður mun skila sér allur til baka, og ríflega það, í sparnaði við skipulagsgerð og í því að minnka hættuna á því að ómetanlegar náttúruminjar tapist vegna pólitískra ákvarðana.

Undirritaður fagnar framkominni þingsályktunartillögu og styður hana heils hugar. Ef átak verður gert í skráningu eins og henni er lýst í tillögunni, gerir undirritaður ráð fyrir að mismunandi hlutum verksins verði falið þeim aðilum sem best hentar hverju sinni. Í því sambandi er rétt að benda á að sjö náttúrustofur starfa á Íslandi og sjálfsagt er að nýta staðsetningu þeirra og krafta í slíkum verkefnum.

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson, líffræðingur,
forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands